# AUGLÝSING

**um breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005-2025, svæði við Öldutúnsskóla í Hafnarfirði.**

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 26. febrúar 2009 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005-2025 frá 18. maí 2007.

Breytingin felst í því að tvö svæði sunnan og austan við Öldutúnsskóla breytast annars vegar úr íbúðarsvæði og hins vegar úr óbyggðu svæði í stofnanasvæði og tengist svæðið núverandi stofnanasvæði við Öldutúnsskóla þar sem gert er ráð fyrir íþróttahúsi. Jafnframt er fyrirhuguð færsla Öldugötu til austurs á kaflanum frá Bárukinn að Hvammabraut.

Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 26. febrúar 2009.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Logi Kjartansson.*